



Skráningarlýsing skuldabréfa



Íslandsbanki hf.

2. flokkur 2004

Maí 2004

YFIRLÝSINGAR


YFIRLÝSING ÚTGEFANDA

Bankaráð Íslandsbanka hf. (Íslandsbanki), kt. 550500-3530, Kirkjusandi, 155 Reykjavík, lýsir því yfir að upplýsingar í skráningarlýsingu þessari séu eftir bestu vitund þess í samræmi við staðreyndir og að engu mikilvægu atriði sé sleppt sem áhrif geti haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans.

Athygli er vakin á því að skráningarlýsingin er unnin skv. undanþágu í 6. gr. viðauka IV. við reglugerð nr. 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

Reykjavík, 10. maí 2004

f.h. Íslandsbanka hf.



Tómas Kristjánsson, kt. 151165-3389
framkvæmdastjóri fjármálasviðs

YFIRLÝSING UMSJÓNARAÐILA

Íslandsbanki hf., kt. 550500-3530, Kirkjusandi, 155 Reykjavík lýsir því yfir að við gerð skráningarlýsingarinnar var aflað þeirra gagna sem að mati Íslandsbanka voru nauðsynleg til að gefa rétta mynd af Íslandsbanka hf. og verðbréfum hans og að mati Íslandsbanka hf. var engu atriði sleppt sem áhrif gæti haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans sem óskað er skráningar á.

Athygli er vakin á því að skráningarlýsingin er unnin skv. undanþágu í 6. gr. viðauka IV. við reglugerð nr. 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

Reykjavík, 10. maí 2004

f.h. Íslandsbanka hf.



Örn Gunnarsson, kt. 181168-3159
forstöðumaður fyrirtækjaþróunar

ÚTGEFANDI

ÚTGEFANDI

Íslandsbanki hf., kt. 550500-3530, Kirkjusandi, 155 Reykjavík, sími 440 4000, fax 440 4001, heimasíða www.isb.is.

STARFSEMI

Bankinn starfar skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og skv. lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Samkvæmt 3. gr. samþykkt bankans er tilgangur félagsins fjármálaþjónusta. Skal félaginu heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem fjármálafyrirtækjum er heimil lögum samkvæmt sem og aðra starfsemi í eðlilegum tengslum við hana.

HEIMILD OG TILGANGUR

Framkvæmdastjórn Íslandsbanka hf. nýtti heimild til skuldabréfaútgáfu þessarar að fjárhæð allt að kr. 1.720.000.000 að nafnverði á fundi sínum þann 4. mars 2004, í samræmi við heimild bankaráðs Íslandsbanka þar að lútandi frá 16. maí 2000. Tilgangur útgáfunnar er að afla fjár til starfsemi Íslandsbanka. Fjárfestum er bent á að framkvæmdastjórn útgefanda getur nýtt sér heimild bankaráðs frá 16. maí 2000 til frekari stækkunar á skuldabréfaflokknum í framtíðinni. Flokkurinn er því opin með óákveðinni lokastærð. Tilgangur skráningar í Kauphöll Íslands hf. (Kauphöllin) er að auðvelda viðskipti með skuldabréfin.

SKRÁNING

SKRÁNING

Kauphöllin hefur samþykkt að taka skuldabréf Íslandsbanka, 2. flokk 2004, á skrá og verða þegar útgefin og seld bréf að fjárhæð kr. 1.720.000.000 að nafnverði, skráð þann 17. maí 2004, enda verði öll skilyrði skráningar uppfyllt.

UMSJÓNARADILI OG MILLIGANGA VEGNA SKRÁNINGAR

Íslandsbanki hf., kt. 550500-3530, Kirkjusandi, 155 Reykjavík, sími: 440 4000, heimasíða www.isb.is.

VIÐSKIPTAVAKT

Engin viðskiptavakt er tengd skuldabréfaútgáfu þessari.

SÖLUFYRIRKOMULAG

SÖLUADILI

Markaðsviðskipti Íslandsbanka, Kirkjusandi, 155 Reykjavík.

FYRIRKOMULAG SÖLU

Skuldabréfin voru seld til fagfjárfesta í lokuðu útboði.

SÖLUTRYGGING

Útboð skuldabréfanna var ekki sölutryggt.

SÖLUTÍMI OG AFHENDING

Skuldabréf að fjárhæð kr. 1.720.000.000 að nafnverði voru seld á tímabilinu 10.-17. mars 2004 og afhent gegn staðgreiðslu.

SKILMÁLAR SKULDABRÉFANNA

NAFNVERÐ OG LÁNSTÍMI

Heildarfjárhæð flokksins er kr. 1.720.000.000 að nafnverði. Skuldabréfin eru til 5 ára með einum gjalddaga þann 10. mars 2009.

UPPGREIÐSLUHEIMILD

Engin uppgreiðsluheimild er í skuldabréfunum.

VERÐTRYGGING

Skuldabréfin eru óverðtryggð.

VEXTIR

Skuldabréfin bera enga vexti.

EININGAR OG AUÐKENNI

Einingar skuldabréfanna eru annars vegar kr. 5.000.000 og hins vegar kr. 10.000.000. Skuldabréfin eru alls 175. Skuldabréf nr. 1-2 og 172-175 eru í 5.000.000 kr. einingum og skuldabréf nr. 3-171 eru í 10.000.000 kr. einingum. Auðkenni skuldabréfanna er ISB 04 2 og ISIN númer IS0000009199.

ÚTGÁFUDAGUR

Útgáfudagur skuldabréfanna var 10. mars 2004.

ERLENDAR VÍSITÖLUR

Ávöxtun skuldabréfsins er háð þróun eftirtalinnar hlutabréfavisitöluörfu, þar sem upprunalegur höfuðstóll skuldabréfsins hækkar samkvæmt neðangreindum útreikningum. Upphaflegt viðmiðunargengi vísitalnanna í hlutabréfavisitöluörfunni (upphafsgildi) er lokagengi þeirra þann 10. mars 2004.

Hlutabréfavisitöluörfun:

| Nr. vísitölu | Vísitala | Bloomberg auðkenni | Vigt í | Lokagengi 10. mars 2004 |
|--------------|-----------------|--------------------|--------|-------------------------|
| 1 | S&P 500 | SPX | 60% | 1.123,89 |
| 2 | DJ Eurostoxx 50 | SX5E | 20% | 2.922,68 |
| 3 | Nikkei 225 | NKY | 10% | 11.433,24 |
| 4 | FTSE 100 | UKX | 10% | 4.545,30 |

Samningsgengi hlutabréfavisitöluörfunnar 10. mars 2004 er 100 (Karfa₀).

Standard & Poor's (S&P) 500 vísitalan, er bandarísk vísitala sem mælir breytingar á gengi hlutabréfa í 500 stærstu fyrirtækjum Bandaríkjanna.

DJ Eurostoxx 50 er vísitala 50 stórfyrirtækja frá löndum í Evrópu þar sem evran er notuð. *Nikkei 225* vísitalan er japönsk vísitala sem mælir breytingar á gengi 225 stærstu hlutafélaganna sem skráð eru á First Section í kauphöllinni í Tokyo.

FTSE 100 er bresk vísitala sem mælir breytingar á gengi 100 stærstu hlutafélaganna sem skráð eru á breska hlutabréfamarkaðinn.

Ef hætt verður að birta einhverja vísitöluna á gildistíma bréfsins verður jafngildissjónarmið látið ráða við ákvörðun á nýrri vísitölu í safnið.

GREIÐSLUR

Á gjalddaga skuldabréfsins fær eigandi skuldabréfsins allan höfuðstól skuldabréfsins endurgreiddan. Þremur viðskiptadögum eftir gjalddaga fær eigandi skuldabréfsins greiðslu í íslenskum krónum (ISK) tengda hækkun hlutabréfavísitölu körfunnar. Greiðslan nemur annað hvort margfeldi upphaflegs höfuðstóls skuldabréfsins í bandaríkjadólar (USD), þáttökuhlutfalls og hlutfallslegrar hækkunar hlutabréfavísitölu körfunnar frá 10. mars 2004 til 10. mars 2009 eða margfeldi upphaflegs höfuðstóls skuldabréfsins í USD, þáttökuhlutfalls og þrepvarnar, eftir því hvort reynist hærra. Á þá greiðslu reiknast engir vextir eða kostnaður frá 10. mars 2009.

VIÐMIÐUNARGENGI USD/ISK

Viðmiðunargengi USD/ISK á útgáfudegi nam 70,39. Viðmiðunargengi á afhendingardegi greiðslunnar ákvarðast af Íslandsbanka hf. kl. 11:00 þann dag.

Greiðslan er í íslenskum krónum og er reiknuð út á eftirfarandi hátt:

$$Hækkun = Höfuðstóll \cdot \frac{\left[\frac{USD}{ISK} \right]}{70,39} \cdot Þáttökuhlutfall \cdot \text{Max} \left[\frac{Karfa_T - Karfa_0}{Karfa_0}, \text{Þrepvörn} \right]$$

Þáttökuhlutfall: Þátttaka í hækkun hlutabréfavísitölu körfu er 1,12.

Hlutfallsleg hækkun hlutabréfavísitölu körfu : $(Karfa_T - Karfa_0)/Karfa_0$

Karfa_T: Lokagildi hlutabréfavísitölu körfunnar er reiknað m.v. lokagildi hvernar hlutabréfavísitölu á gjalddaga þann 10. mars 2009.

$$Karfa_T = 100 \cdot \sum_{i=1}^4 Vigt_i \frac{Vísitala_{iT}}{Vísitala_{i0}}$$

Þrepvörn: Gildi hlutabréfavísitölu körfu sem tryggir eiganda skuldabréfsins tiltekna ávöxtun:

Þrepvörn = 0% ef lokagildi körfu er aldrei 115 eða hærra á neinum viðskiptadegi frá útgáfudegi til og með gjalddaga.
Þrepvörn = 15% ef lokagildi körfu er 115 eða hærra á einhverjum viðskiptadegi frá útgáfudegi til og með gjalddaga.
Þrepvörn = 25% ef lokagildi körfu er 125 eða hærra á einhverjum viðskiptadegi frá útgáfudegi til og með gjalddaga.
Þrepvörn = 40% ef lokagildi körfu er 140 eða hærra á einhverjum viðskiptadegi frá útgáfudegi til og með gjalddaga.
Þrepvörn = 50% ef lokagildi körfu er 150 eða hærra á einhverjum viðskiptadegi frá útgáfudegi til og með gjalddaga.

SÖLUGENGI

Sölugengi ákvarðast af markaðsaðstæðum á hverjum tíma. Sölugengi á fyrsta söludegi var 1,000. Upplýsingar um gengi skuldabréfanna á sölutímabilinu eru gefnar af Markaðsviðskiptum Íslandsbanka hf.

ANDVIRÐI AÐ FRÁDREGNUM KOSTNAÐI

Kostnaður við skráninguna hjá Kauphöllinni var 250.000 kr. Annar kostnaður vegna skráningarinnar var óverulegur. Andvirði skuldabréfaútbóðsins að frádregnum öllum kostnaði var um 1.718 m.kr.

TRYGGINGAR OG RÉTTINDI

Engar hömlur eru á endursölu skuldabréfanna. Íslandsbanki ábyrgist endurgreiðslu bréfanna með tekjum sínum og eignum. Engin hlunnindi eða forkaupsréttarákvæði eru tengd útgáfu skuldabréfanna.

GREIÐSLUSTAÐUR

Greiðslustaður er hjá Íslandsbanka hf., kt. 550500-3530, Kirkjusandi, Reykjavík nema annarri fjármálastofnun verði falið bréfið til innheimtu. Kröfuhafi getur vitjað greiðslu gegn framvísun bréfsins. Á greiðslutilkynningu skal koma fram auðkenni og númer skuldabréfsins.

VIÐTÖKUDRÁTTUR OG VANSKIL

Verði greiðslu ekki vitjað til Íslandsbanka hf. á réttum gjalddaga mun félagið ekki greiða dráttavexti frá gjalddaga til þess dags sem greiðslunnar er krafist og hún fer fram.

Verði vanskil á greiðslum af skuldabréfi er heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Ber þá að greiða dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð samkvæmt framanrituðu. Þegar skuldin er fallin í gjalddaga samkvæmt framansögðu, má gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldarinnar án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar, nær aðfararheimild þessi til greiðslu tengdri hækkun á hlutabréfavisitölukörfunni, dráttarvaxta, kostnaðar af kröfu, málskostnaðar eða innheimtukostnaðar, endurgjaldskostnaðar af gerðinni sjálfri og væntanlegs kostnaðar af frekari fullnustuaðgerðum.

FRAMSAL OG FRAMSALSTILKYNNING

Skuldabréfin skulu við eigendaskipti framseld til nafngreinds aðila. Framsal til nýs eiganda skal skráð á bakhlið skuldabréfs með nafni, kennitölu, og heimilisfangi, auk kaupverðs og framsalds dags. Ef röð framsala er gölluð verður skuldabréf ekki innlest nema handhafi færi fullar sönnur á eignarheimild sína.

FYRNING

Höfuðstóll skuldabréfanna fyrnist á tíu árum frá gjalddaga skv. 4. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfurettinda. Greiðsla tengd hækkun á undirliggjandi körfu fyrnist á fjórum árum, sbr. 3. gr. laga nr. 14/1905.

SKATTAR

Samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignaskatt nr. 90/2003 teljast bréfin til eignarskattsstofns hjá einstaklingum og lögaðilum. Um skattalega meðferð bréfanna fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma. Íslandsbanka ber skylda til að draga staðgreiðslu af fjármagnstekjum og skila í ríkissjóð, skv. 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nema eigandi bréfanna hafi falið öðrum banka, sparisjóði eða verðbréfafyrirtæki innheimtu þeirra. Skuldabréfin eru undanþegin stimpilgjaldi samkvæmt 110. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

ÁGREININGUR

Rísi mál út af skuldabréfunum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

UPPLÝSINGAR

UPPLÝSINGAR OG GÖGN

Skráningarlýsing og önnur gögn sem vísað er til í skráningarlýsingu þessari liggja frammi hjá Íslandsbanka, Kirkjusandi, 3. hæð, 155 Reykjavík, netfang www.isb.is

